

## Greinargerð með stofnfundarboði

Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst hafa á árinu 2021 unnið að framgangi þess að háskólarnir standi saman að því að stofna Nýsköpunar- og þróunarsetur í Borgarfirði. Markmiðið verður að efla nýsköpun, rannsóknir, fræðslu og frumkvöðlastarf á sviði landbúnaðar, matvælaframleiðslu, loftslagsmála og fleiri málaflokka. Setrið standi fyrir skilgreindum verkefnum og verði þátttakandi í samstarfsverkefnum þessu tengdu með innlendum og erlendum aðilum, ásamt því að byggja upp þekkingu og annan stuðning við frumkvöðla og mótun viðskiptatækifæra. Í ágúst 2021 var undirrituð viljayfirlýsing í þessu skyni með aðkomu margra hagaðila, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Háskóla Íslands, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Borgarbyggð, Breið þróunarfélagi, Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og Hugheimum.

Á haustmánuðum hefur áfram verið unnið að framgangi þessa máls og fleiri aðilar verið dregnir að borðinu, svo sem frá Landsvirkjun, Orkustofnun, Íslandsstofu og Bændasamtökum Íslands. Í nóvember var haldinn samráðsfundur á Hvanneyri með rúmlega 20 hagaðilum og meðal annars kynnt tillaga að fyrsta formlega verkefni hins fyrirhugaða seturs sem felur í sér að vinna aðgerðaáætlun til næstu 20 ára undir heitinu Matvælalandið Ísland.

Með skipan nýrrar ríkisstjórnar og stjórnarsáttmála, breytinga á ráðherraskipan og tilfærslu verkefna eiga rektorar háskólana nú fundi með nýjum ráðherrum til að kynna áætlanir um stofnun setursins, aðgerðaáætlunina og fleiri möguleg verkefni.

Nýsköpunar- og þróunarsetrið hefur einnig verið kynnt meðal fjölmargra fyrirtækja og stofnana og hafa allir sem leitað hefur verið til verið jákvæðir og áhugasamir um að í Borgarfirði verði öflugt nýsköpunar- og þróunarsetur með áður nefndum áherslum.

### Undirbúningstjórn

Skipuð var óformleg undirbúningsstjórn til þess að vinna að framgangi setursins en stjórn verður skipuð samkvæmt stofnskrá á stofnfundi félagsins.

Starfandi undirbúningsstjórn:

- *Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands*
- *Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor Háskólans á Bifröst*
- *Áshildur Bragadóttir, nýsköpunar og þróunarstjóri hjá Landbúnaðarháskóla Íslands*
- *Stefán Kalmansson, verkefnastjóri hjá Háskólanum á Bifröst*
- *Halla Hrund Logadóttir, orkumálastjóri*
- *Pétur Þ. Óskarsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu*
- *Sigurður H. Markússon, forstöðumaður nýsköpunardeildar Landsvirkjunar*

### Tilgangur og markmið

Íslenskur landbúnaður er þungamiðjan í innlendra matvælaframleiðslu. Aukinn áhugi er á hreinum afurðum sem framleiddar eru með sjálfbærni að leiðarljósi. Með nýtingu endurnýjanlegrar orku og grunnu kolefnisspori á Íslandi eru mikil sóknarfæri í framleiðslu matvæla og ýmissa hliðarafurða. Við viljum leggja okkar af mörkum til að skapa landbúnaði og matvælaframleiðslu

samkeppnishæft umhverfi til að gera greininni kleift að standa enn betur undir því fjölþætta hlutverki sem hún gegnir í íslensku samfélagi, meðal annars við að skapa atvinnu og byggðafestu. Með öflugri innlendri matvælaframleiðslu er stuðlað að heilnæmi matvara og auknu matvælaöryggi.

Markmið samstarfsins eru:

Að greina þau tækifæri sem Vesturland og Ísland í heild sinni hefur upp á að bjóða þegar kemur að landbúnaði, matvælaframleiðslu, sjálfbærni og loftslagsmálum, nýtingu náttúruauðlinda og ferða- og menningartengdri starfsemi. Þá sérstaklega að styðja við tækniþróun, rannsóknir, alþjóðlegt samstarf og þróun og greiningar á sviði landbúnaðar, ferðamála, skapandi greina og matvælaframleiðslu.

Sérstaklega mun félagið stuðla að því að raungera slík tækifæri og koma á framfæri við hagsmunaaðila með það fyrir augum að:

- Vera samstarfsvettvangur aðila sem vinna að nýsköpun og þróun atvinnutækifæra á Vesturlandi og víðar um landið, auka þverfaglega samvinnu og byggja upp stoðkerfi fyrir hugmyndavinnu og frumkvöðlastarf.
- Byggja upp nýja stoð í atvinnulífinu á grunni þekkingar og reynslu á sviði landbúnaðar, matvælaframleiðslu, sjálfbærni og loftslagsmála.
- Stuðla að aukinni nýsköpun og rannsóknum á sviði landbúnaðar og matvælaframleiðslu með öflugum samstarfi við háskóla og rannsóknarstofnanir, þar með talið að stuðla að aukinni starfsemi Landbúnaðarháskólans og Bifrastar á svæðinu og betri tengsla milli fræðasamfélagsins og hagaðila.
- Efla símenntun, endurmenntun og fræðslu til að mæta þörfum bænda, frumkvöðla og atvinnulífs á landsbyggðinni til framfara fyrir landbúnað, matvælaframleiðslu, ferðamennsku og fleiri greinar í landinu.
- Fjölga möguleikum innanlands til að takast á við áskoranir samtímans m.a. á sviði matvælaframleiðslu og fæðuöryggis, sjálfbærni og loftslagsmála sem og bættri nýtingu náttúruauðlinda. Gera svæðið leiðandi þegar kemur að samspili landbúnaðar, ferðamála, umhverfis og samfélags með sjálfbærni og verðmætasköpun að leiðarljósi.
- Standa fyrir námskeiðum og vinnustofum til að móta hugmyndir og vinna áætlanir fyrir viðskiptatækifæri sem m.a. verða til hjá nemendum og af rannsóknarstarfi háskólanna. Stefnumótun, vöruþróun, markaðssetning og áætlanagerð verði studd með aðstoð sérfræðinga. Lögð verður áhersla á tengingu milli viðskiptafræða, nýsköpunar og landbúnaðar.
- Taka þátt í að efla sérfræðiþekkingu á notkun stafrænna lausna í viðskiptum og áhrifum viðskiptagreindar á störf og fyrirtæki á komandi árum. Miðlun þekkingar og mögulegra lausna á þessum sviðum gegnum fræðslustarf og vinnustofur.

Starfssvæði nýsköpunar- og þróunarsetursins er landið allt en með áherslu á Vesturland. Umgjörð setursins mun þó ekki vera bundin við Vesturland og verður leitað eftir víðtæku samstarfi við opinbera- og einkarekna aðila sem starfa innan stoðþjónustu nýsköpunar, rannsókna og frumkvöðlastarfs.

## **Boð um stofnaðild**

Öllum aðilum sem undirrituðu viljayfirlýsinguna er boðið að vera aðilar að stofnun Nýsköpunar- og þróunarseturs á Vesturlandi.

Er það vilji okkar sem sitjum í undirbúningsstjórn að þitt fyrirtæki/stofnun verði stofnaðili að sjálfseignarfélaginu, með þeim ásetningi sem kemur fram í stofnsamningi.

Stofnaðilar geta valið um að greiða kr. 200 þúsund, 500 þúsund, 1.000 þúsund í stofnaðild.

### ***F.h. undirbúningsstjórnar:***

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir  
rektor Landbúnaðarháskóla Íslands

Margrét Jónsdóttir Njarðvík  
rektor Háskólans á Bifröst

Fylgigögn:

*Viljayfirlýsing um nýsköpunar- og þróunarsetur á landsbyggðinni dagsett 17. ágúst 2021*  
*Drög að stofnsamningi nýsköpunar- og þróunarseturs á Vesturlandi dagsett 9. mars 2022*  
*Verkefnið Matvælalandið Íslands dagsett 12. desember 2021*